

**Ed. 762. Frumvarp til laga [413. mál]**

um þjóðaráttak til byggingar þjóðarbókhlöðu.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Á gjaldárunum 1987, 1988 og 1989 skal lagður á sérstakur eignarskattur er renna skal óskiptur til byggingarsjóðs þjóðarbókhlöðunnar.

2. gr.

Sérstakur eignarskattur, sbr. 1. gr., skal lagður á eignarskattsstofn, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, gjaldárin 1987, 1988 og 1989 og skal hann vera þannig:

- a. 0,25% á þann eignarskattsstofn manna, sbr. 80.–82. gr. laga nr. 75/1981, sem er umfram kr. 1 600 000. Skattskyld mark til sérstaks eignarskatts skal breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 121. gr. greindra laga, í fyrsta sinn á gjaldárinu 1987 samkvæmt skattvísitölu gjaldársins 1987. Þó skal ekki leggja sérstakan eignarskatt á eignir manna sem orðnir eru 67 ára eða eldri fyrir upphaf hlutaðeigandi gjaldárs.
- b. 0,25% á eignarskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981, og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr. sömu laga, ákvarðaðan skv. ákvæðum 80.–82. gr. greindra laga.

3. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu þessa sérstaka eignarskatts eftir því sem við á.

4. gr.

Sérstakan eignarskatt samkvæmt lögum þessum er ekki heimilt að draga frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns og útsvarsskyldra tekna og við álagningu tekjuskatts, útsvars og annarra skatta og gjalda sem miðast við greinda gjaldstofna. Um frádrátt þessa sérstaka eignarskatts til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskattsstofns fer eftir lokaákvæðum 1. mgr. 76. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

5. gr.

Á meðan ákvæði laga þessara eru í gildi, þ. e. á gjaldárunum 1987, 1988 og 1989, skal fara með þennan sérstaka eignarskatt á sama hátt og eignarskatt varðandi ráðstöfun ónýttts skattafsláttar skv. 1. og 3. másl. 2. mgr. 68. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 1. og 3. másl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1985.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987 og koma fyrst til framkvæmda við álagningu gjalda á gjaldárinu 1987 miðaða við eignarskattsstofn í árslok 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Prátt fyrir góðan vilja og heitstrengingar um byggingu Þjóðarbókhlöðu hafa mál staðið þannig, að ekki varð séð hvenær byggingu hennar lyki. Nú síðast við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1986 var fjárveiting til bókhlöðunnar skert verulega, svo ekki þótti ástæða til annars en fella hana alveg niður og leita nýrra leiða til að ljúka byggingunni á sem skemmstum tíma.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir því að byggingu Þjóðarbókhlöðunnar ljúki á þremur árum með tekjum af sérstökum eignarskatti sem rennur óskiptur til Byggingarsjóðs Þjóðarbókhlöðu. Eignarskattsauki þessi er aðeins lítið brot af eignarskattsstofni, sbr. 2. gr. frv.

Allt frá því á vordögum 1968 hefur bygging Þjóðarbókhlöðu verið á dagskrá, en í bréfi dagsettu í mars 1969 til dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, frá Þjóðhátíðarnefnd 1974 segir, að á fundum með þingflokkunum voru 1968 hafi nefndarmenn orðið varir við mikinn stuðning þingmanna við byggingu Þjóðbókasafns. Ítrekaði nefndin síðar að Þjóðarbókhlaða yrði væntanlega helsta gjöfin sem þjóðin færði sjálfri sér á ellefu hundruð ára afmæli byggðarinnar.

Hinn 30. apríl 1970 samþykkti Alþingi síðan þingsályktunartillögu um byggingu Þjóðarbókhlöðu svohljóðandi: „Alþingi ályktar, að í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974 skuli reist Þjóðarbókhlaða, er rúmi Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn.“

Laugardaginn 28. janúar 1978 var fyrsta skóflustungan tekin að Þjóðarbókhlöðunni. Vilhjálmur Hjálmarsson, menntamálaráðherra, tók skóflustunguna að viðstöddum Geir Hallgrímssyni, forsætisráðherra, byggingarnefnd bókhlöðunnar og fleiri gestum. Við þetta tækifæri og oftár, var nefnd dagsetning þegar byggingu hússins átti að ljúka. Nefnt var ártalið 1982. Árið 1978 voru um 340 þúsund bindi í Landsbókasafni og á annað hundrað þúsund bindi í Háskólabókasafni. Í hinni nýju bókhlöðu uppkominni er hægt að geyma eina milljón bóka.

Frá upphafi þessa máls hefur verið litið svo á, að Þjóðarbókhlaða væri helsta gjöfin, sem þjóðin gæti fært sjálfri sér á ellefu hundruð ára afmæli mannlífs og menningar í landinu. Þjóðarbókhlaðan er enn þjóðargjöf þótt komið sé fram yfir afmælið. Af þeim ástæðum er leitað til þjóðarinnar um lausn bókhlöðumálsins, svo það dragist ekki um ófyrirsjáanlegan tíma að þjóðin geti nýtt sér þessa gjöf. Ástæða þykir til að viðurkenna það sérstaka framlag sem frumvarpið gerir ráð fyrir með því að láta fylgja hverju framlagi sérstaka viðurkenningu. Þar verður tekið fram um greitt fé hvers einstaklings til Þjóðarbókhlöðunnar með það fyrir augum að hið góða handtak hvers og eins megi geymast innan fjölskyldna og ætta um ókomnar tíðir.

Frumvarp til að ljúka byggingu Þjóðarbókhlöðu með sæmd og með samhentunni átaki landsmanna er í samræmi við hugmyndir ágættra manna á Alþingi, sem hrundu þessu máli af stað fyrir margt löngu og munu ekki hafa talið að tvo áratugi þyrfti til að Íslendingar gætu eignast sína þjóðargjöf.

Þjóðarbókhlaðan er engin tildurbygging. Okkur er mikil nauðsyn á að sameina Landsbókasafn og Háskólabókasafn, og koma að auki fyrir sérsöfnum vegna fræða okkar, menntunar og vísinda. Húsnæðismál tveggja fyrrgreindra bókasafna standa okkur fyrir þrifum, enda takmarkað hvað hægt er að auka bókakost þessara safna við núverandi aðstæður. Það er því komið að þeirri stund, að ekki verður lengur unað því sinnuleysi sem ríkt hefur um byggingu Þjóðarbókhlöðu. Með þjóðargjöf landsmanna tekst að ljúka á næstu þremur árum þessari byggingu, sem svo mjög er miðuð við brýnar þarfir okkar, og er að auki verðugt og sjálfsagt húsrými fyrir stóran hlut af þeirri menningu sem bundin er við bækur.

Fjáröflun sú sem frv. þetta gerir ráð fyrir felst í álagningu sérstaks eignarskatts í þrjú ár. Heildarfjárhæðin, sem tekur mið af kostnaðaráætlun um þær framkvæmdir sem eftir eru við byggingu Þjóðarbókhlöðu, er áætluð 360 millj. kr. á núgildandi verðlagi, þ. e. 120 millj. kr. á ári gjaldárin 1987, 1988 og 1989. Gera má ráð fyrir að þessi fjárhæð haldi raungildi sínu, þar sem skatturinn verður lagður á gjaldstofna gjaldárin 1987, 1988 og 1989.

Sá sérstaki eignarskattur sem þetta frv. gerir ráð fyrir er með sama sniði og ætti að gefa af sér sömu tekjur og eignarskattsauki samkv. 2. gr. laga nr. 48/1985, sem lagður er á eignarskattsstofn gjaldárin 1985 og 1986.

Samkvæmt álagningarskrám gjaldárið 1985 nam álagður eignarskattsauki á menn 39,3 m. kr. og á lögaðila 64,3 m. kr. eða í heild 103,6 m. kr. Með hliðsjón af áætlaðri hækkun eignarskattsstofns um 28% milli gjaldáranna 1985 og 1986, svo og með tilliti til hækkunar skattvísitölu milli sömu gjaldára má áætla að:

- a. eignarskattsauki manna hækki um 14,5% milli ára og muni nema við álagningu hans gjaldárið 1986 um ..... 45,0 m. kr.
- b. eignarskattsauki lögaðila hækki um 28% milli ára og muni nema við álagningu hans gjaldárið 1986 um ..... 82,2 m. kr.  
og heildarálagning eignarskattsauka á gjaldárinu 1986 muni nema um .. 127,2 m. kr.

Að loknum kærubreytingum má áætla að lokaniðurstaða eignarskattsauka gjaldársins 1986 til innheimtu muni nema 120–122 m. kr.

Sá sérstaki eignarskattur sem um ræðir í frv. er í öllum höfuðatriðum, þ. e. a. s. stofni og hundradshlutum, sambærilegur við eignarskattsauka og má því áætla, að álagning sérstaks eignarskatts muni nema um 127 m. kr. á gjaldárunum 1987, 1988 og 1989 á núgildandi verðlagi og til innheimtu komi að lokum 120–122 m. kr. á hverju ári á núgildandi verðlagi.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er lagt til að á gjaldárunum 1987, 1988 og 1989 verði lagður á sérstakur eignarskattur er renni óskiptur til byggingarsjóðs Þjóðarbókhlöðunnar.

Um 2. gr.

Hér er um að ræða ákvæði um hverjir skuli bera sérstakan eignarskatt og á hvern hátt hann skuli reiknast og á leggjast.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Hér er skýrt kveðið á um það að þessi sérstaki eignarskattur sé hvorki frádráttarbær frá tekjum við ákvörðun stofna til álagningar tekjuskatti og útsvari né annarra skatta og gjalda sem byggja á gjaldstofnum til álagningar tekjuskatti og/eða útsvari. Enn fremur ákvæði um frádráttarhæfni þessa sérstaka eignarskatts við ákvörðun eignarskattsstofns.

Um 5. gr.

Hér er um að ræða ákvæði þess efnis að með þennan sérstaka eignarskatt verði farið á sama hátt og eignarskatt varðandi ráðstöfun ónýtt skattafláttar.

Um 6. gr.

Parfnast ekki skýringa.